

### Fóðurmergkál (*Brassica oleracea* var. *acephala*)

Enska; Kale, danska; Kål, norska; Kål, sænska; Kål

#### Tegundalýsing og kjörlendur

Fóðurmergkál er eitt af mörgum afbrigðum (var. *acephala*) af blað- og stöngulkáli. Það er vetrareinært, hávaxið með sveran mergfylltan forðastöngul og öfluga stólparót. Blómin eru gul krossblóm en mergkál setur ekki blóm hér á landi. Blöðin eru ljósgræn, efnismikil, og frekar slétt.

Mergkál vex eingöngu í ræktunarlandi þar sem því er sáð.



#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Fóðurmergkál er góð fóðurjurt til haustbeitar, aðallega fyrir mjólkurkúr en einnig fyrir sláturlömb en er ekki mikið ræktað hér á landi. Það þarf afar langan vaxtartíma til að gefa góða uppskeru sem liggur á bilinu 2 til 5 nýtanleg þurrefnistonn á ha. Það hentar einna helst á Suðurlandi. Fóðrunarvirði og fóðurgildi er hátt m.t.t. orku, próteins og steinefna. Það er viðkvæmt fyrir vorkuldum, þurrki, kálflugu og arfa. Það er ekki eins öruggt í ræktun og vetrarrepja.

#### Ræktunarleiðbeiningar

Mergkál vex best í mýrar- eða moldríkum móajarðvegi sem er laus við fræillgresi eins og haugarfa. Það þolir illa sandríkan jarðveg. Best er að sá því í nýbrotið tún. Plæging er mikilvæg en þar sem mergkál er eingöngu fyrir beit má jarðvinnslan vera að öðru leiti gróf áður en sáð er. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Þúsundkorna þyngd er 3-4 g og ráðlagt sáðmagn er 6 – 9 kg, sáðdýpt 1-2 cm og sáðtími í maí. Með auknu sáðmagni fást grennri stönglar en ef sáð er of þétt geta neðstu blöðin á stönglinum fallið af en efst á stönglinum myndast þá blaðhvíring sem er óheppilegt. Best er að dreifsá á yfirborðið. Mergkál þarf mikinn áburð sem best er að bera á með fræinu. Upplýsingar um heppilega áburðarskammta fyrir græn fóður má slá upp í Handbók bænda en mikilvægt er að bera vel á af fosfór ef mergkálið er ræktað í nýbrotnu túni.

